

Nr. 47/1903:

Réttvísinn

gegn

Guðmundi Sölvasyni, Kristjáni

Hjálmarssyni og Péttri Þor-

varðarsyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, upp-
kveðnum 16. maí f. á., voru hinir ákærðu dæmdir
samkvæmt alm. hegningarlögum á þessa leið; Pétur
Þorvarðarson var samkvæmt 253. og 255. gr. hegn-
ingarlaganna dæmdur í 2X; daga fangelsi við vatn og
brauð, Guðmundur Sölvasson í 8 daga fangelsi við
vatn og brauð samkvæmt 253. gr. sbr. 48. gr. og 230.
gr. sömu laga, og Kristján Hjálmarsson í 4 daga sams-
konar fangelsi samkvæmt analógíu 240. gr. sbr 250.
og 48. gr. hegningarlaganna. Svo voru hinir ákærðu
og dæmdir til að greiða in solidum allan kostnað af
málinu, þar með talin varnarlaun hins skipaða tals-
manns þeirra í héraði, cand. Grims Jónssonar, 12 kr.

Dómi þessum er skotið til yfirdómsins eftir ósk
hins ákærða Péturs Þorvarðarsonar, en fyrir hönd rétt-
vísinnar hefir hlutaðeigandi amtmaður afryjað málinu,
að því er snertir alla hina ákærðu.

Um ákærða Pétur Þorvarðarson er það sannað
með eigin játningu hans og öðrum skýrslum, að í
septembermánuði 1902 sendi hann frá heimili sínu í
Ísafjarðarkaupstað meðákærða Guðmund Sölvason til
þjónustu Bjargmundar nokkurs Sigurðssonar þar í bæn-
um til að sækja þangað í Bjargmundar nafni, en án
heimildar frá honum, koffort Bjargmundar með fötum

hans í, ásamt tilheyrandi lykli, og gjörði ákærði þetta í þeim tilgangi að hagnýta sér muni þá, er í koffortinu voru. Opnaði ákærði koffortið síðan með aðstoð Guðmundar og tók úr því yfirfrakka, er hann sendi Guðmund út með til að selja eða pantsetja, og seldi Guðmundur hann fyrir 6 krónur, sem hann afhenti ákærða og ákærði hagnýtti sér síðan til eigin þarfa. Síðar sendi ákærði meðákærða Kristján Hjálmarsson með buxur, er hann tók úr koffortinu, og seldi Kristján þær fyrir 2 kr., er ákærði tók til sín. Nokkru fleiri muni hefir ákærði og játað að hafa látið selja eða selt, Bjargmundi tilheyrandi, sem geymdir voru hjá ákærða, svo sem trefil-ræfil og koddagarni, en það hefir ekki orðið frekara upplýst um, hver keypti þessa muni eða hvað fyrir þá fekst. Þá hefir ákærði játað að hafa heimildarlaust selt 2 tóm kvartil, er annar maður átti í geymslu hjá honum, og hagnýtti ákærði sér andvirðið, sem var 1 kr. eða 1 kr. 25 a. fyrir annað kvartil. Hvað hitt kvartilíð var selt fyrir, hefir ekki orðið upplýst. Af fýrgreindum munum hefir yfirfrakkinn, buxurnar og annað kvartilíð komið til skila aftur, en að öðru leyti hefir iðgjalda eigi verið krafist í málinu.

Ákærði Guðmundur Sölvason hefir játað, að hann hafi á fýrgreindan hátt hjálpað meðákærða Péttri til að draga undir sig yfirfrakka Bjargmundar Sigurðssonar, og vissi hann þó, að frakkinn var tekinn í heimildarleysi. Hann hefir og játað að hafa stolið 2 skinum af girðingu við annars manns hús, og selt þau bæði fyrir 1 kr., er hann hagnýtti sér.

Ákærði Kristján Hjálmarsson seldi fyrir meðákærða Pétur Þorvarðarson buxur, er Pétur tók úr

kofforti Bjargmundar Sigurðssonar, en með því að eigi hefir sannast á hann, að honum hafi verið kunnugt annað en að Pétur ætti buxurnar, verður honum eigi gefið þetta að sök. Fyrir sölu á $1\frac{1}{2}$ kjötkropp og jakka með spennu, hvorttveggja tilheyrandi meðákærða Pétri Þorvarðarsyni, verður ákærði heldur eigi sakfeldur, með því að skýrslu hans um, að hann hafi selt þessa hluti eftir beiðni eigandans, er eigi nægilega hnekt. Ákærði virðist heldur eigi verða dæmdur fyrir sölu á 2 ullarteppum tilheyrandi strandskipinu »Skálholt«, sem Bjargmundur Sigurðsson hafði í vörzlum sínum og lét ákærða selja fyrir sig, því að það er eigi nægilega sannað gegn skýrslu ákærða, að hann hafi vitað, hvernig Bjargmundur var að teppunum kominn eða um heimildarleysi hans til að ráðstafa þeim.

Samkvæmt því, er nú hefir verið tekið fram, ber að dæma ákærða Kristján Hjalmarsson syknán af ákæru sækjandans í máli þessu. Afbrot ákærðu Péturs Þorvarðarsonar og Guðmundar Sölvasonar, sem báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna og eigi hafa áður sætt refsingu fyrir nokkurn glæp, eru af undirdómaranum réttilega heimfærð undir áður tilfærðar greinar hegningarlaganna, og þykir refsing sú, er þeim er ákveðin í aukaréttardóminum, hæfilega metin þar, og ber því að staðfesta dóminn að því leyti. Hinum ákærðu Guðmundi Sölvasyni og Pétri Þorvarðarsyni ber að greiða in solidum allan kostnað málsins í héraði, að meðtöldum málsfærslulaununum þar, og sömuleiðis in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Kristján Hjálmarsson á að vera sýkn af ákæru sækjandans í máli þessu. Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærðu Guðmundur Sölvason og Pétur Þorvarðarson greiði in solidum áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttamálaflutningsmannna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 1. febrúarmánaðar.

Nr. 33/1902:

Réttvísinn

gegn

Stefáni Guðmundssyni og Óla
Jóni Jónssyni.

D ó m u r:

Hinir ákærðu hreppstjóri Stefán Guðmundsson og hreppsnafndaroddvíti Óli Jón Jónsson eru í máli þessu sakaðir fyrir það, að þeir hafi haustið 1900 breytt verðlagsskýrslu Miklaholtshrepps, eftir að hún var full-